

STARFSREGLUR

tryggingardeildar útflutnings.

I. KAFLI

Gildissvið, hlutverk og heimildir.

1. gr.

Starfsreglur þessar gilda um starfsemi tryggingardeildar útflutnings (TRÚ), sbr. II. kafla laga nr. 61/1997 um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, með síðari breytingum.

2. gr.

Hlutverk TRÚ skal vera að veita tryggingar og ábyrgðir til þess að efla íslenskan útflutning vöru og þjónustu, auka íslenskar fjárfestingar erlendis, þátttöku í verklegum framkvæmdum erlendis og þátttöku í stærri verklegum framkvæmdum hérlandis. Hlutverk sitt rækir TRÚ með eftirfarandi hætti:

1. Að taka að sér að tryggja útflutningsslán sem lánastofnun veitir útflytjanda eða kaupanda, enda hafi lánið verið veitt til fjármögnunar í tengslum við íslenskan útflutning á vöru eða þjónustu.
2. Að taka að sér að ábyrgjast eða tryggja ábyrgðir vegna samnings á milli útflytjanda og kaupanda sem gerður hefur verið vegna íslensks útflutnings á vöru eða þjónustu.
3. Að taka að sér að ábyrgjast eða tryggja ábyrgð fyrir efndum á þjónustu- eða verksamningi, sem gerður er vegna íslensks útflutnings á vöru eða þjónustu.
4. Að gefa út verkábyrgðir eða tryggja verkábyrgð innlands aðila vegna framkvæmdar sem fer að umfangi yfir þau viðmiðunarmörk sem gerir opinberar framkvæmdir útboðsskyldar á Evrópska efnahagssvæðinu.
5. Að tryggja fjárfestingar innlands fjárfestis erlendis vegna stjórnmalalegrar áhættu.
6. Að tryggja búnað, sem innlendir aðili flytur á erlenda grund í tengslum við verkefni þar, vegna stjórnmalalegrar áhættu.
7. Að gefa út annars konar ábyrgð eða tryggingu en að ofan greinir, enda falli hún undir hlutverk TRÚ.

3. gr.

Stjórnarnefnd TRÚ hefur heimild til að samþykkja ábyrgðir fyrir allt að 130 millj. SDR, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 61/1997.

II. KAFLI

Stjórnarnefnd og umsjónarmaður.

4. gr.

Með stjórn TRÚ fer sérstök stjórnarnefnd sem í eiga sæti fimm menn. Þar af skal einn maður tilnefndur af stjórn Nýsköpunarsjóðs sitja í nefndinni og fulltrúar fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra, sjávarútvegsráðherra og utanríkisráðherra.

Stjórnarnefndin er ályktunarhæf þegar meirihluti nefndarmanna situr fund. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Verði atkvæði jöfn telst tillaga fallin.

5. gr.

Framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs fer með daglegan rekstur TRÚ. Hann tilnefnir umsjónarmann deildarinnar, sem vera skal starfsmaður Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Umsjónarmaður situr fundi stjórnarnefndar.

6. gr.

Stjórnarnefnd skal halda gerðabók um það sem fram fer á fundum. Umsjónarmaður ritar fundargerð og skal hún lögð fram á næsta fundi til samþykktar og undirritunar.

III. KAFLI

Tryggingarhlutfall.

7. gr.

TRÚ veitir ábyrgðir gegn stjórnámálalegri- og viðskiptalegri áhættu. Með stjórnámálalegri áhættu er átt við:

1. Að yfirvöld erlendis geri óvænt ráðstafanir sem hindra eða tefja yfirfærslu á greiðslu.
2. Að yfirvöld erlendis lýsi yfir almenntri greiðslustöðvun eða leysi skuldara á annan hátt undan greiðsluskyldu sinni.
3. Að yfirvöld erlendis geri óvænt aðrar ráðstafanir sem hindra eða tefja framkvæmd samnings eins og ráð var fyrir gert, t.d. með eignaupptöku.
4. Að stríð, innanlandsátök, náttúruhamfarir eða önnur óviðráðanleg atvik erlendis hindri eða seinki greiðslu eða framkvæmd samnings samkvæmt því sem ráð var fyrir gert. Með öðrum óviðráðanlegum atvikum er átt við atvik sem hvorki ábyrgðarþegi né skuldari fá við ráðið.

Með viðskiptalegri áhættu er átt við:

1. Að skuldari sé kominn í greiðsluþrot.
2. Að skuldari hafi ekki sinnt greiðsluskyldu sinni samkvæmt samningnum þrátt fyrir að hann hafi verið krafinn um það, enda þótt ekki sé um greiðsluþrot að ræða, eða hann ekki staðið við aðrar samningsbundnar skuldbindingar og ekki leiðrétt það þrátt fyrir áminningar.

Tryggingahlutfall TRÚ á tilteknum tegundum ábyrgða skal vera eftirfarandi að hámarki:

Tegund ábyrgða:	stjórnámálaleg áhætta	viðskiptaleg áhætta
Ábyrgð á framleiðslutapi og greiðslufalli	100%	90%
Greiðslufallsábyrgð	100%	90%
Samtvinnuð ábyrgð	100%	90%
Gagnábyrgð fyrir útflytjanda	90%	90%
Gagnábyrgð fyrir fjármálafyrirtæki	á ekki við	75%
Fjármögnunarábyrgð – lánveiting til kaupanda	95%	85%
Fjármögnunarábyrgð – lánveiting til seljanda	95%	95%

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

8. gr.

Um veittar ábyrgðir skulu gilda almennir skilmálar eins og þeir hafa verið samþykktir af stjórnarnefndinni.

9. gr.

Ef óskað er eftir ábyrgð vegna áhættu er varðar íslenskan lögaðila skal lagður fram endurskoðaður ársreikningur síðasta reikningsárs þess lögaðila er áhættan lýtur að.

10. gr.

Starfsreglur þessar eru settar með stöð í 1. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 13. gr. laga nr. 61/1997 um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 5. janúar 2004.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Ingvi Már Pálsson.

Nr. 39

5. janúar 2004

GJALDSKRÁ

tryggingardeildar útflutnings.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir um iðgjöld vegna ábyrgða sem veittar eru af tryggingardeild útflutnings (TRÚ), sbr. II. kafla laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins nr. 61/1997, með síðari breytingum.

Stjórnarnefnd TRÚ ákveður iðgjöld vegna þeirra ábyrgða sem gefnar eru út. Við ákvörðun iðgjalda skal taka mið af áhættu í tengslum við viðkomandi ábyrgð.

Stjórnarnefnd TRÚ skal styðjast við flokkun ríkja í áhættuflokka. Ef áhættutímabilið er lengra en 12 mánuðir eru ríki flokkuð í 8 áhættuflokka en í 4 áhættuflokka ef áhættutími er 12 mánuðir eða skemmri. Flokkun ríkja í áhættuflokka er birt í viðauka við gjaldskrá þessa.

2. gr.

Iðgjöld vegna ábyrgða til 12 mánaða eða skemmri tíma skulu reiknuð sem hundraðshluti fjárhæðar samnings á milli útflytjanda og viðsemjanda hans, óháð ábyrgðarhlutfalli TRÚ. Í þeim tilfellum eru iðgjöld vegna hvorutveggja stjórnmalalegrar- og viðskiptalegrar áhættu eftirfarandi:

Tegund kaupanda	A. Ríkissjóður				B. Opinberar stofnanir og bankar				C. Einkafyrirtæki og tilteknir bankar			
	1	2	3	4	1	2	3	4	1	2	3	4
Tímabil												
1 mán.	0,08	0,12	0,33	0,63	0,13	0,23	0,44	0,73	0,31	0,38	0,58	0,84
2 mán.	0,09	0,14	0,40	0,77	0,16	0,28	0,54	0,89	0,37	0,47	0,70	1,03
3 mán.	0,11	0,17	0,47	0,91	0,19	0,33	0,63	1,05	0,44	0,55	0,83	1,21
4 mán.	0,13	0,19	0,54	1,05	0,22	0,38	0,73	1,20	0,51	0,63	0,95	1,39
5 mán.	0,14	0,22	0,61	1,18	0,25	0,43	0,82	1,36	0,57	0,72	1,08	1,58
6 mán.	0,16	0,24	0,68	1,32	0,28	0,48	0,92	1,52	0,64	0,80	1,20	1,76
7 mán.	0,18	0,27	0,75	1,46	0,31	0,53	1,02	1,68	0,71	0,88	1,33	1,94
8 mán.	0,19	0,29	0,82	1,60	0,34	0,58	1,11	1,84	0,77	0,97	1,45	2,13
9 mán.	0,21	0,32	0,89	1,73	0,37	0,63	1,21	2,00	0,84	1,05	1,58	2,31
10 mán.	0,23	0,34	0,96	1,87	0,40	0,68	1,30	2,15	0,91	1,13	1,70	2,49
11 mán.	0,24	0,37	1,03	2,01	0,43	0,73	1,40	2,31	0,97	1,22	1,83	2,68
12 mán.	0,26	0,39	1,11	2,15	0,46	0,78	1,50	2,47	1,04	1,30	1,95	2,86